

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Dagsetning: 10. nóvember 2023
Málsnúmer: FJR23010092
Bréfalykill: 3.1

Efni: Svar við fyrirspurn fjárlaganefndar frá 20. september 2023 (spurning 1)

Vísað er til tölvupósts frá ritara fjárlaganefndar Alþingis þann 21. september sl. þar sem óskað er eftir því að fjármála- og efnahagsráðuneytið taki saman svör við ýmsum atriðum er varða frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024. Meðfylgjandi eru svör fjármála- og efnahagsráðuneytisins við spurningu 1 sem er í nokkrum liðum.

1. Óskað er eftir yfirliti sem sýni þróun gjalda og tekna ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Meðfylgjandi tafla sýnir tekjur og gjöld A1-hluta¹ ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) árin 1998-2024. Leiðrétt hefur verið fyrir helstu óreglulegum liðum árin 1998-2018. Þannig eru tekjur og gjöld lækkuð fram til ársins 2011 vegna flutnings á málefni fatlaðs fólks til sveitarfélaga það ár. Þá er leiðrétt fyrir ýmsum hreyfingum sem leiða af fjármálaáfallinu s.s. endurfjármögnun Seðlabanka Íslands árið 2008. Þá er leiðrétt fyrir innheimtu stöðugleikaframlaga frá árinu 2016 auk einskisframlags til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) vegna nýs skipulags A-deildar LSR. Þessi aðlögun eykur samanburðarhæfni tekna og gjalda ríkissjóðs þegar lengri tímabil eru skoðuð. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að í tölunum hér er ekki gerð sérstök leiðrétting vegna breyttrar flokkunar á eignasafni Ríkiseigna sem færðist úr A1-hluta ríkissjóðs í A2-hluta ríkissjóðs í fjárlögum 2023. Við þá breytingu jukust vaxtatekjur ríkissjóðs um tæplega 0,2% af VLF og batnaði vaxtajöfnuður ríkissjóðs sem því nemur. Á móti jukust frumgjöld ríkissjóðs um sambærilegt umfang og versnaði frumjöfnuðurinn sem því nemur en heildarafkoman var eftir sem áður nær óbreytt.

¹ Vakinn er athygli á því að tekjur og gjöld ríkissjóðs samkvæmt útgefnum tölum Hagstofunnar eiga við um A-hluta ríkissjóðs sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál, þ.e. samanlögð afkoma A1-, A2- og A3-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til innbyrðis færslna. Hér er sýnd þróun tekna og gjalda A1-hluta ríkissjóðs til samræmis við 1. gr. fjárlaga og afkomumarkmið skv. fjármálaáætlun og fjármálastefnu. Nánar er fjallað um flokkun ríkisaðila í kafla 6 og viðauka um framsetningu og uppgjör ríkisfjármála í greinargerð með fjárlagafrumvarp ársins 2024.


A1-hluti ríkissjóðs - án einskíptis og óreglulega liði, % af VLF

	Tekjur			Gjöld			Afkoma		
	Frum-tekjur	Vaxta-tekjur	Heildar-tekjur	Frum-gjöld	Vaxta-gjöld	Heildar-gjöld	Frum-jöfnuðu	Vaxta-jöfnuðu	Heildar-jöfnuðu
1998	28,7	1,0	29,7	26,5	3,1	29,6	2,2	-2,1	0,1
1999	30,6	1,1	31,7	27,7	2,9	30,6	2,9	-1,8	1,1
2000	30,2	1,2	31,4	27,5	2,6	30,1	2,7	-1,4	1,3
2001	28,2	1,4	29,6	27,6	2,7	30,4	0,6	-1,3	-0,7
2002	27,8	1,4	29,2	28,3	2,4	30,7	-0,5	-1,0	-1,5
2003	29,1	0,9	30,1	30,1	2,1	32,2	-1,0	-1,2	-2,1
2004	30,4	0,8	31,1	28,7	1,9	30,5	1,7	-1,1	0,6
2005	33,1	0,7	33,7	28,5	1,2	29,7	4,5	-0,5	4,0
2006	31,9	1,3	33,2	27,6	0,9	28,5	4,4	0,4	4,8
2007	30,7	1,7	32,4	27,6	1,3	28,9	3,1	0,3	3,5
2008	27,0	2,5	29,5	27,6	2,0	29,6	-0,6	0,5	-0,1
2009	24,2	2,5	26,8	29,2	5,5	34,7	-5,0	-3,0	-7,9
2010	25,7	1,6	27,3	28,8	4,2	33,0	-3,1	-2,6	-5,7
2011	26,8	1,0	27,8	29,6	3,5	33,2	-2,8	-2,5	-5,3
2012	28,3	1,0	29,4	27,9	4,1	32,0	0,4	-3,0	-2,6
2013	28,8	0,7	29,5	27,1	4,0	31,1	1,7	-3,3	-1,6
2014	30,3	0,8	31,1	26,1	4,1	30,3	4,1	-3,3	0,8
2015	28,2	0,7	28,9	25,3	4,0	29,2	3,0	-3,3	-0,4
2016	28,6	0,7	29,3	25,5	3,4	28,9	3,1	-2,7	0,4
2017	31,1	0,6	31,7	26,7	3,4	30,1	4,4	-2,8	1,6
2018	30,4	0,6	31,0	27,6	2,4	30,0	2,8	-1,8	1,0
2019	28,4	0,4	28,8	28,1	2,1	30,2	0,3	-1,7	-1,4
2020	27,8	0,4	28,3	34,4	2,0	36,4	-6,6	-1,5	-8,1
2021	27,4	0,3	27,7	33,1	1,9	35,0	-5,7	-1,6	-7,4
2022*	29,0	0,6	29,6	28,8	3,1	31,9	0,2	-2,5	-2,3
Horfur 2023	29,2	0,9	30,1	28,1	3,0	31,1	1,1	-2,1	-1,0
Frumvarp 2024	29,0	0,8	29,8	28,4	2,4	30,8	0,6	-1,6	-1,0
Meðaltal 1998-2019	29,0	1,1	30,1	27,7	2,9	30,6	1,3	-1,8	-0,5

*Ríkisreikningur 2022 sem aðlagður hefur verið að hagskýrslustaðli GFS sbr. séryfirlit 2 í ríkisreikningi.

Frumvarp til fjárlaga ársins 2024 gerir ráð fyrir að frumtekjur A1-hluta ríkissjóðs verði um 29% af VLF á næsta ári sem er í takt við langtímameðaltal árána fyrir heimsfaraldur kórónuveirunnar þ.e. 1998-2019 þegar búið er að leiðrétta fyrir óreglulegum og einskíptis liðum sbr. umfjöllun hér að framan.

Frumtekjur á næsta ári verða í takt við langtímameðaltal árána 1998-2019 þegar leiðrétt hefur verið fyrir óreglulegum og einskíptis liðum




Heimild: Hagstofa Íslands og fjármála og efnahagsráðuneytið.

* Ríkisreikningur 2022 aðlagður að alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS)

Frumvarpið gerir ráð fyrir að frumgjöld ársins 2024 nemi 28,4% af VLF sem er 0,7-prósentustigum hærra en meðaltal frumgjalda árin 1998-2019 sem var 27,7% af VLF. Gangi það eftir munu frumgjöld hafa lækkað um 6% af VLF frá því að hlutfallið náði hámarki í heimsfaraldrinum árið 2020 og er útgjaldastig ríkisins áþekkt því sem var fyrir faraldurinn.

Frumgjöld hafa lækkað skarpt frá árinu 2020 og nálgast langtímameðaltal árunna 1998-2019 þegar leiðrétt hefur verið fyrir óreglulegum og einskiptis liðum




Heimild: Hagstofa Íslands og fjármála og efnahagsráðuneytið.

* Ríkisreikningur 2022 aðlagður að alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS)

Að teknu tilliti til vaxtagjalda ríkissjóðs, sem eru áætluð 2,4% af VLF á næsta ári, þá er gert ráð fyrir að heildargjöld A1-hluta ríkissjóðs verði 30,8% af VLF á næsta ári. Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld lækki sem hlutfall af VLF á næsta ári sem fyrst og fremst má rekja til lægri gjaldfærslu verðbóta verðtryggðra lána til samræmis við spá um þróun verðbólgu á næsta ári. Þjóðhagsspáin sem liggur til grundvallar fjárlagafrumvarpinu gerir ráð fyrir að verðbólga lækki úr 8,7% á þessu ári og verði um 4,9% á næsta ári. Heildarútgjöld nálgast langtímameðaltali árunna 1998-2019 sem var 30,6% af VLF.

Heildargjöld A1-hluta ríkissjóðs eru áætluð 30,8% af VLF á næsta ári



a. Óskað er eftir yfirliti sem sýnir frá hvaða atvinnugeirum tekjur ríkisins koma, um hvaða tekjur er að ræða og hvernig þær hafa þróast sl. 5 ár.

Ekki er unnt að svara þessari spurningu að sinni. Ráðuneytið vinnur að svari í samstarfi við Hagstofu Íslands og mun senda svar þegar það liggur fyrir.

b. Hvernig skilgreinir ráðuneytið sjálfbærni ríkissjóðs, hvort sem er út frá fyrrgreindum yfirlitum eða með öðrum hætti?

Í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 er að finna þau grunnildi sem lögð eru til grundvallar stefnumörkun í opinberum fjármálum og kemur fram í fjármálastefnu og fjármálaáætlun hverju sinni. Þar segir í 1. tl. 6. gr.:

„Sjálfbærni sem felst í því að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir.“

Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum er enn fremur fjallað um mikilvægi þess að ná skuldum niður á sjálfbært stig eða eftir atvikum viðhalda sjálfbærri skuldastöðu og tryggja að hið opinbera geti ávallt staðið undir vaxtabyrði skuldbindinga sinna. Í skýrslu um langtímahorfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum² frá árinu 2021 er fjallað um sjálfbærni opinberra fjármála með áþekkingu hætti:

„Áætlanagerðinni er einkum ætlað að svara þeirri lykilspurningu hvort tekjur hins opinbera verði nægilega miklar til að fjármagna öll útgjöld til lengri tíma litið, eða með öðrum orðum hvort stefna stjórnvalda um starfsemi hins opinbera sé sjálfbær. Nánar tiltekið felst það í þessari nálgun að sjálfbærnin er metin út frá því hvort tekjuafkoma hins opinbera og sú lánsfjárför sem af henni leiðir hafi í för með sér viðvarandi leitni til þess að núverandi skuldastaða versni sem hlutfall af landsframleiðslu.“ (bls. 14)

„Sjálfbærni felur enn fremur í sér að hver kynslóð eða aldurshópur hagi ákvörðunum sem varða eigin efna- og fjárhag þannig að hvorki sé gengið í teljandi mæli á eignir eða gæði né ósanngjörnum byrðum varpað á komandi kynslóðir eða afkomu og lífsskilyrðum þeirra stefnt í tvísýnu. Um leið sé þess gætt að skapaðar séu forsendur fyrir nauðsynlegri endurnýjun og hagvexti.“ (bls. 60)

Frá framangreindum skilgreiningum er ekki unnt að leiða út einn algildan mælikvarða eða viðmið fyrir sjálfbærni, heldur felst í hugtakinu sambland af viðunandi jafnvægi tekna og gjalda hverju sinni ásamt skuldastigi og ekki síst skuldþróun með hliðsjón af stöðu hagkerfisins og huglægu mati á sanngirni milli kynslóða sem eðli málsins samkvæmt er erfitt að mæla. Þá er horft til þess að tekjuöflunarkerfi hins opinbera séu þess eðlis að þau standi undir skuldbindingum og að skuldþróun sé viðunandi þannig að ekki sé lögð aukin byrði á komandi kynslóðir. Með tilliti til skuldþróunar getur verið undantekning ef auknar skuldir leiða af hagkvæmum fjárfestingum sem auka framleiðslugetu hagkerfisins til lengri tíma litið og teljast þannig sjálfbærar. Rétt er að áréttta að framangreindar skilgreiningar á sjálfbærni ríkissjóðs segir ekkert til um æskilegt tekju- og gjaldastig, sem er pólitísk spurning, og felur ekki í sér mat á gæði þeirrar þjónustu sem veitt er fyrir tiltekið útgjaldastig.

Núverandi stefnumörkun samþykkrar fjármálastefnu árin 2022-2026 um að stöðva vöxt á skuldir hins opinbera sem % af VLF á tímabilinu og meginmarkmið samþykkrar fjármálaáætlunar árin 2024-2028 sem leitast við að standa vörð um þann efnahagsbata sem náðst hefur eftir kórónuveirufaraldurinn og sporna við þenslu í hagkerfinu og verðbólgu á

² https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Vef-fylgiskjal-s1497-f_1.pdf

sama tíma og styrkur ríkisfjármálanna er endurbyggður getur talist samrýmast grunngildi laga um opinber fjármál um sjálfbærni. Þá styðja áform stjórnvalda um að flýta gildistöku tölusettra skilyrða laga um opinber fjármál um eitt ár þannig að þau taki gildi árið 2025 í stað 2026, eftir að hafa verið vikið tímabundið til hliðar vegna faraldursins, við framangreind markmið.

Í þessu sambandi er vert að benda á að fjármálaráð hefur skv. 13 gr. laga um opinbert fjármál það hlutverk að leggja mat á hvort fjármálastefna og fjármálaáætlun fylgi grunngildum sömu laga þ.m.t. grunngildinu um sjálfbærni. Í álitsgerð fjármálaráðs um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028³ kemur fram eftirfarandi umfjöllun um sjálfbærni:

„Í lögum um opinber fjármál er sjálfbærni skilgreind á þann veg að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir. Ekki er skilgreint hvað felst í að leggja ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir þar sem fjallað er um sjálfbærni. Almennt má þó miða við að komandi kynslóðir hafi svigrúm til að mæta áföllum og að skuldir dragi ekki úr getu þeirra til hagvaxtar og þjóða góð lífskjör. Þá hefur verið talið sanngjarnt að hver kynslóð standi undir kostnaði við eigin neyslu og þjónustu en varpi honum ekki á komandi kynslóðir. Annað gildi um arðbæra fjárfestingu í innviðum sem skili ábata fyrir komandi kynslóðir, eðlilegt geti talist að fjármagna slíkrar fjárfestingar með lánsfé, a.m.k. að hluta, miðað við líftíma fjárfestingarinnar, að teknu tilliti til áhættu.“ (bls. 71)

Þar segir enn fremur um sjálfbærni í víðum skilningi:

„Að framansögðu má ráða að ekki er nóg að líta eingöngu á skuldahlutfallið og stöðvun þess. Telja verður undirstöður íslensks efnahagslífs að flestu leiti traustar og þau atriði er snúa að stofnanalegum innviðum og pólitískum stöðugleika í góðu lagi í alþjóðlegum samanburði. Þá eru skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu ekki miklar í alþjóðlegum samanburði. Ekki verður þó litið hjá því að vegna smæðar hagkerfisins eru óvissa og sveiflur meiri.“ (bls. 71)

Í kjölfar þessarar umfjöllunar bendir ráðið á nýlegar úttektir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um sjálfbærni opinberra skulda, þar sem megin niðurstaðan er að áætlanir stjórnvalda eru raunsæjar og að skuldir hins opinbera séu metnar viðráðanlegar til meðallangs tíma. Jafnframt fjallar ráðið um alþjóðleg lánshæfismatsfyrirtæki sem fjalla um sjálfbærni skulda með áherslu á greiðslugetu og samsetningu skulda, en horfur fyrir lánshæfi ríkissjóðs hafa að undaförnu verið færðar á jákvæður horfur hjá tveimur lánshæfismatsfyrirtækjum og staðfestar af einu fyrirtækjanna.

Til lengri tíma litið, eins og fram kemur í skýrslu um langtímahorfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum, er fyrirséð að ríkissjóður muni standa frammi fyrir áskorunum sem leitt geta til útgjaldaþrýstings ekki síst í tengslum við fyrirséðar lýðfræðilegar breytingar s.s. öldrun þjóðarinnar. Kemur það í hlut stjórnvalda að forgangsraða og stilla af rekstur hins opinbera miðað við aðstæður hverju sinni þannig að rekstur hins opinbera geti talist sjálfbær eins og lög um opinber fjármál gera ráð fyrir.

³ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/A%CC%81litsger%C3%B0%20um%20fja%CC%81rma%CC%81laa%CC%81%C3%A6tlun%202024%20til%202028%20lokaskjal.pdf>

c. Óskað er eftir upplýsingum sem skýra með hvaða hætti ríkissjóður er að „vaxa út úr vandanum“ miðað við fyrrgreindar upplýsingar eða með hvaða hætti ætlunin er að það gerist miðað við þær vísbendingar sem birtast í tölunum og hlutföllunum.

Markmið samþykkrar fjármálastefnu árin 2022-2026 er að stöðva vöxt skulda hins opinbera sem hlutfall af VLF fyrir lok tímabilsins. Til þess að ná þessu markmiði gerir stefnan ráð fyrir að stjórnvöld bæti afkomu hins opinbera, ekki síst undirliggjandi frumafkomu, ár frá ári á tímabilinu. Í inngangi að greinargerð með stefnunni⁴ kemur fram að til skemmri tíma verði horft til þess að styðja við hagkerfið þar til það hefur náð traustri fótfestu að nýju. Stuðningur stjórnvalda við fyrirtæki á meðan faraldurinn geisaði miðaði að því að lágmarka efnahagsleg áhrif faraldursins og ekki síst langtímaáhrif faraldursins á hagkerfið þannig að framleiðslugeta væri fyrir hendi þegar áhrif faraldursins fjaraði. Þetta hefur í megin atriðum gengið eftir og hefur hagvöxtur verið mikill á undanförunum misserum. Tekjur ríkissjóðs hafa batnað og eru jafnhátt hlutfall verðmætasköpunar hagkerfisins og fyrir faraldur. Þá fara útgjöld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu lækkandi og nálgast langtímameðaltal áranna fyrir faraldur.

Samþykkt fjármálaáætlun árin 2024-2028 fylgir þessari stefnumörkun og gerir ráð fyrir að heildarafkoma A1-hluti ríkissjóðs nái jöfnuði árið 2027 og verði lítillaga jákvæð árið 2028 eftir mikinn hallarekstur síðustu ára í kjölfar heimsfaraldursins. Forsendur áætlunarinnar gera ráð fyrir að tekjur A1-hluta ríkissjóðs nái hámarki sem hlutfall af VLF á þessu og næsta ári, en að útgjöldin lækki sem hlutfall af VLF á næstu árum og bæti þannig afkomuna. Gert er ráð fyrir að útgjöld vaxi að raunvirði milli ára, en að vöxturinn verði minni en vöxtur landsframleiðslu á tímabilinu og lækkar hlutfallið af þeim sökum. Þannig er sagt að ríkissjóður „vaxi út úr vandanum“ þ.e. að tekjur ríkissjóðs hafa vaxið um nálægt 2% af VLF frá því í kórónuveirufaraldrinum á sama tíma og reynt er að halda aftur af raunvexti útgjaldahliðarinnar þannig að afkoma ríkissjóðs batni.

d. Hvaða áhrif hefur verkefnaflutningur til sveitarfélaga haft á hlutfallslegar tekjur og gjöld ríkissjóðs í þessu sambandi?

Í yfirliti yfir þróun tekna og gjalda ríkissjóðs sem birt er hér að framan má sjá leiðréttá tímaröð fyrir A1-hluta ríkissjóðs án helstu einskis og óreglulega liði. Þar er búið að lækka tekjur og gjöld ríkissjóðs fram til ársins 2011 vegna flutnings á þjónustu við fatlað fólk frá ríkis til sveitarfélaga til þess að bæta samanburðarhæfni á tekju- og útgjaldastigi ríkissjóðs milli ára. Nemur umfang þeirrar leiðréttingar um 11 ma.kr. á árinu 2010 á verðlagi þess árs eða sem svarar til 0,6% af VLF.

Rétt er að nefna tvö atriði sem hefur ekki verið leiðrétt sérstaklega fyrir varðandi flutning verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga. Annars vegar þá voru gerðar breytingar á tekjuskatti einstaklinga og útvari um sl. áramót sem fólu í sér að tekjur sveitarfélaga jukust um 5 ma.kr. á móti samsvarandi lækkun tekna hjá ríkissjóði. Um var að ræða flutning á fjármagni í tengslum við útgjaldavanda sveitarfélaga við rekstur þjónustu við fatlað fólk til að bæta rekstrarafkomu þeirra og gera þeim kleift að mæta markmiðum sínum um afkomu- og skuldapróun og rekstur málaflöksins. Hins vegar yfirtók ríkissjóður almennar

⁴ <https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0002.pdf>

húsaleigubætur (heita nú húsnæðisbætur) í ársbyrjun 2017 og létti þar með af sveitarfélögunum 7-800 m.kr. útgjöldum skv. mati þess tíma⁵.

e. Hvaða áhrif hafa aðrar breytingar í rekstrarumhverfi ríkisins haft sem skýra þróun í tekjum og gjöldum ríkisins?

Meðfylgjandi eru nokkur veigamikil atriði sem hafa verið í umræðu að undanfögnu og hafa áhrif á rekstrarumhverfi ríkisins til viðbótar við hefðbundna ákvörðunartöku stjórnvalda s.s. um forgangsroðun verkefna, breytingar á skattkerfinu og ákvörðunartöku um útgjaldamál. Af augljósum ástæðum er ekki um tæmandi lista að ræða.

- **Áhrif heimsfaraldurs hafði ótvíræð og umfangsmikil áhrif á rekstur ríkissjóðs undanfarin ár með sértækum stuðningi við heimili og fyrirtæki og sjálfvirkum sveiflujöfnurum ríkisfjármálanna. Miðað við forsendur frumvarpsins eru tekjur og gjöld A1-hluta ríkissjóðs að nálgast það stig sem var árið 2019 sem hlutfall af VLF þ.e. áður en áhrif faraldursins komu til og hafa tekjur þannig jafnað sig og útgjöld lækkað sem hlutfall af VLF. Þá er gert ráð fyrir að skuldir sem % af VLF sem fóru hækkandi í kjölfar faraldursins hafi þegar náð hámarki og fari nú hægfara lækkandi sem hlutfall af VLF á komandi árum.**
- **Bati í hagkerfinu og afkomu ríkissjóðs hefur verið hraðari en áður var gert ráð fyrir.** Almennt hefur verið mikill hagvöxtur á Íslandi undanfarin misseri og hefur hagkerfið tekið við sér hraðar en áður var áætlað. Að hluta má rekja þessa þróun til þess hve hratt ferðapjónustan jafnaði sig eftir faraldurinn, en jafnframt hefur verið mikill vöxtur í ýmsum öðrum greinum. Þá hefur fólksflutningur til landsins drifið hagvöxt, en margir sem hafa komið til landsins starfa við ferðapjónustu.
- **Mikill fólksflutningur hefur orðið til Íslands á síðustu árum sem hefur áhrif á m.a. eftirspurn eftir húsnæði og þjónustu hins opinbera.**
- **Fylgifyiskur vaxandi umsvifa í hagkerfinu hefur verið há og þrálát verðbólga,** en óvænt verðbólga hefur almennt þau áhrif til skemmri tíma að bæta afkomu ríkissjóðs með hækkun tekna þar sem það er nafnverð launa og neyslu sem eru skattlögd á sama tíma og útgjaldaheimildir breytast hægar. Á móti vegur að hluta að vaxtagjöld hækka vegna verðbóta verðtryggðra lána. Til lengri tíma litið eru afkomuáhrif hærri verðbólgu öllu jöfnu hverfandi þar sem útgjöld og útgjaldaheimildir hækka á endanum í takt við verðlag.
- **Vaxtastig fer hækkandi sem eykur enn á fjármögnunarkostnað ríkissjóðs, þ.e. umfram skammtímaáhrif óvæntrar verðbólgu.**
- **Skattar af ökutæki og eldsneyti hafa farið lækkandi sem % af VLF undanfarin ár og er nú hafið ferli við endurskoðun á fyrirkomulagi þeirra eins og boðað var í fjármálastefnu árin 2022-2026 og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu.**
- **Kostnaður við málefni flóttamanna hefur aukist umtalsvert undanfarin ár og hefur kostnaður hækkað hratt með fjölgun umsókna og þjónustuþega vegna ytri aðstæðna m.a. stríðsins í Úkraínu og mikils fjölda flóttamanna frá Venesúela.**

⁵ Sjá nánari umfjöllun í fylgiskjali III með frumvarpi til laga um húsnæðisbætur sbr. þskj. 565 – 407. mál á 145. löggjafarþingi 2015-2016. <https://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/0565.pdf>